

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 186/2017

2019/EES/52/37

frá 22. september 2017

um breytingu á XVII. viðauka við EES-samninginn (Hugverkaréttindi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/26/ESB frá 26. febrúar 2014 um sameiginlega umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda og leyfisveitingar yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum á innri markaðnum ⁽¹⁾.
- 2) XVII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir 10. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/28/ESB) í XVII. viðauka við EES-samninginn:

„11. **32014 L 0026:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/26/ESB frá 26. febrúar 2014 um sameiginlega umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda og leyfisveitingar yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum á innri markaðnum (Stjtúð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 72).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í stað orðanna „101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ í 32. gr. kemur „53. og 54. gr. EES-samningsins“.
- b) EFTA-ríkin skulu eiga rétt á því að taka fullan þátt í sérfræðingahópnum sem komið er á fót með 41. gr. tilskipunarinnar og skulu innan hans hafa sömu réttindi og skyldur og aðildarríki ESB, þó án atkvæðisréttar.
- c) Að því er EFTA-ríkin varðar koma orðin „sex mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2017 frá 22. september 2017“ í stað orðanna „10. október 2016“ í 8. mgr. 5. gr.
- d) Að því er EFTA-ríkin varðar koma orðin „í eitt ár eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2017 frá 22. september 2017“ í stað orðanna „10. apríl 2017“ í 31. gr.
- e) Að því er EFTA-ríkin varðar koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2017 frá 22. september 2017“ í stað orðanna „10. apríl 2016“ í 3. mgr. 36. gr.
- f) Að því er EFTA-ríkin varðar koma orðin „18 mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2017 frá 22. september 2017“ í stað orðanna „10. október 2017“ í 3. mgr. 38. gr.
- g) Að því er EFTA-ríkin varðar koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2017 frá 22. september 2017“ í stað orðanna „10. apríl 2016“ í 39. gr.
- h) Að því er EFTA-ríkin varðar koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2017 frá 22. september 2017“ í stað orðanna „10. apríl 2016“ í 43. gr.

⁽¹⁾ Stjtúð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 72.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/26/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.